

**Sb.**

**36. Tillaga til þingsályktunar**

[33. mál]

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts á vélum, tækjum og öðrum búnaði til fiskiðnaðar.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um nauðsynlegar lagabreytingar, svo að niður falli aðflutningsgjald, vörugjald og söluskattur á vélum, tækjum og öðrum búnaði til fiskiðnaðar, og leggja það fyrir yfirstandandi þing.

**Greinargerð.**

Óþarft er að fjölyrða um nauðsyn þess, að íslenskur fiskiðnaður búi jafnan við bestu rekstrarkjör. Hér er um að ræða iðnað. sem mesta þýðingu hefur fyrir heildarlífskjör þjóðarinnar og gjaldeyrisöflun. Íslenskur fiskiðnaður á við harða samkeppni að stríða á helstu fiskmörkuðum heims. Er þýðingarmikið, að þannig sé að honum búið hérlandis að fiskiðnaðurinn sé vel í stakk búinn til að mæta samkeppninni við erlenda keppinauta. Mikilvægt atriði í þeim efnunum er fólgið í aukinni vélvæðingu. Á það sérstaklega við um hraðfrystiðnaðinn, en aukin notkun véla og tækja í öðrum greinum fiskiðnaðar hefur einnig mikla þýðingu.

Það er álit flutningsmanna, að með niðurfellingu þeirra gjalda, sem þingsályktunartillagan nær til, sé gengið nokkuð til móts við þarfir fiskiðnaðarins í þessum efnunum.